

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ sem fædd voru árið 2002.

Magnús B. Jónsson, Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir

Vegna breytinga og endurbóta á skráningarkerfi nautgriparæktarinnar hefur nokkuð dregist að ljúka afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ sem fædd voru árið 2002. Þessari vinnslu er ekki lokið en í ljósi þeirra gagna sem þegar eru til reiðu hefur verið ákveðið að taka allstóran hóp þessa árgangs til frekari notkunar.

Ætlunin er hér á eftir að gefa yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gera grein fyrir þeim niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Nautaárgangurinn 2002 er að stærstum hluta synir Kaðals 94017 og Völsungs 94006 samanborið við að nautaárganginn 2001 sem var undan samtals níu feðrum. Alls voru 22 naut í árgangi 2002 sem voru afkvæmaprófuð. 11 þeirra eru undan Kaðli 94017, 7 undan Völsungi 94006, 2 undan Frísk 94026 og 1 undan Pinkli 94013 og 1 undan Punkti 94032.

Heildarmyndin fyrir þessar kýr er jákvæð og líklegt að þessi nautaárgangur verði sterkur í ræktuninni á næstu árum. Í hópnum virðast ekki vera nein naut sem erfa sterkt frá sér mikla galla í einhverjum af þessum þáttum sem verið er að meta og í hópnum er að finna naut sem skila áberandi glæsikúm. Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna.

Glæðir 02-001

M: Flugu 253. Dalbæ

Mun fleiri dætur Glæðis eru tvílitar en einlitar. Algengast er huppóttar eða skjöldóttar. Grunnlitirnir rautt og bröndótt er langalgengast. Afurðasemi dætra Glæðis er í meðallagi. Þær eru með frekar léttu bolbyggingu og yfirleitt í tæpu meðallagi um stærð. Júgurfasta og júgurdýpt er góð, júgurband í tæpu meðallagi en spenar vel lagaðir og fremur stuttir. Mjaltir góðar og mjög skapgóðar kýr. Glæðir hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Lykill 02-003.

M: Skrá 267 Hæli.

Rauði og bröndótti liturinn er einkennislitur þessara kúa en alla grunnliti nema gráan gaf að líta í hópnum. Afurðasemi dætra Lykils er afbragðsgóð og einkum skila kýrnar miklum próteinafurðum. Þetta eru fremur bolgrannar en sterkbyggðar kýr. Júgurgerð er meðallagi traust og júgurdýpt undir meðaltali, kýr með afturþung júgur finnast. Spenar eru vel gerðir og staðsetning góð. Umsögn um mjaltir er jákvæð og kýrnar eru skapgóðar. Lykill hefur verið tekinn í framhaldsnotkun

Alfons 02-008

M: Eik 31, Deildartungu.

Alfons er skyldleikaræktaður því Eik 31 í Deildartungu er dóttir Kaðals 94017. Rauði liturinn er mikið ráðandi litur í hópnum þó að grunnliti aðra en gráu litina sé þar að sjá. Um 60% dætrahópsins er einlitur og algengasti tvílitur er skjöldótt. Afurðasemi dætra Alfons er góð bæði hvað varðar afurðamagn svo og prótein og fitu. Afurðasemi dætra Lykils er afbragðsgóð og einkum skila kýrnar miklum próteinafurðum. Þetta eru fremur bolgrannar og útlögulitlar kýr malir grannar ern vel lagaðar. Júgurfasta, og júgurdýpt í slöku meðallagi, en spenar vel lagaðir og vel settir. Mjaltir góðar og kýrnar sérlega skapgóðar samkvæmt umsögn.

Alfons hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Vaður 02-011.**M: Skræpa 252, St. Hildisey.**

Rauði og bröndótti liturinn ráðandi litur í hópnum þó finnast kolóttar og svartar kýr í hópnum. Meirihluti dætrahópsins er tvílitur og þar finnast nær öll afbrigði en skjöldótt er algengast. Afurðasemi dætra Vaðs er allgóð einkum próteinafurðir. Þessar kýr eru bolmiklar með góðar útlögur, almennt nokkuð stórar. Malir breiðar, flatar og beinar, vísa í sumum tilvikum upp. Júgurgerðin sterkleg en spenar fremur langir. Mjaltir nokkuð breytilegar en að meðaltali í góðu meðaltali. Skap fær breytilega umsögn og nokkuð ber á skapgöllum. Vaður verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Skurður 02-012**M: Lífgjöf 140, St. Mörk.**

Rauðar og bröndóttar kýr eru algengastar í þessum hópi en alla grunnliti er þar að sjá. Meirihluti dætrahópsins er tvílitur og er skjöldótt og huppótt algengast. Afurðasemi dætra Skurðs er afbragðsgóð bæði hvað varðar afurðamagn svo og prótein og fitu. Þessi dætrahópur er með allgóða boldýpt en fremur litlar útlögur. Malir fremur grannar lítið eitt hallandi. Júgurgerð er yfirleitt fremur góð, þó er nokkuð um afturþungt júgur, spenar heldur langir og fremur þykkir en vel staðsettir. Mjaltir eru í slöku meðallagi og skap breytilegt. Skurður hefur verið tekinn í framhaldsnotkun

Sendill 02-013.**M: Laufa 116, Ingjaldsstöðum.**

Einkennislitur systrahópsins rauður en samt var þar alla grunnliti að finna og flestar tvílitu kýrnar eru huppóttar. Afurðasemi dætra Sendils er mikil en próteinhlutfall er í meðallagi. Þetta eru kýr sem eru fremur bolgrannar með sterka yfirlínu, fremur þaklaga malir og netta skrokkbyggingu. Júgurgerðin er gallalítill og spenar hæfilega langir, grannir en vel settir. Athygli vekur mjög hreint júgur þar sem minna er um aukaspena en í öðrum dætrahópum. Umsögn um mjaltir er jákvæð kýrnar skapgóðar. Sendill hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Bangsi 02-015.**M: Svala 58, Vaðli.**

Hér eru rauður, bröndóttur og kolóttur litur allir algengir og einnig komu fram svartar kýr og eru einlitar kýr í meirihluta og algengasti tvílitur er huppótt. margar þeirra skjöldóttar. Afurðasemi dætra Bangsa er mikil og próteinhlutfall er yfir meðallagi. Bolrými er í meðallagi og fremur breiðar og vel lagaðar malir. Júgur fremur vel löguð en júgurband í tæpu meðallagi. Spenar langir og fremur þykkir, vel settir. Mjaltir aðeins breytilegar þó að meðaltali fremur góðar. Skapgóðar kýr. Bangsi hefur verið tekinn íframhaldanotkun.

Ófeigur 02-016.**M: Björk 284, Þríhyrningi.**

Rauðar og bröndóttar kýr eru algengastar í þessum hópi en einnig eru dökkkoláttar kýr og svartar nokkuð algengar. Meiri hluti kúnna er einlitur og algengasti tvílitur er huppótt og skjöldótt. Afurðasemi dætra Ófeigs er mikil og próteinhlutfall er mjög gott. Þessar kýr hafa góða boldýpt og útlögur, malir eru vellagaðar og fremur breiðar, skrokkfallegar kýr. Júgurbygging er í góðu meðallagi, júgurband áberandi sterkt. Spenar fremur grannir. Mjaltir í góðu meðallagi en skap tæpu meðallagi. Ófeigur hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Hjaltalín 02-018.**F: Pinkill 94013, M: Hjaltalín 221, St.-Dunhaga.**

Svart er algengast grunnlita í þessum hópi en allir grunnlitirnir finnast. Stór hluti dætrahópsins er einlitur og huppótt algengasti tvílitur. Afurðasemi dætra Hjaltalíns er góð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Þessar kýr eru öflugar, með mikið rými sterka bolbyggingu og yfirlínu. Meðalbreiðar, fremur flatar og lítið eitt hallandi malir. Góða fótstöðu. Júgurfesta og júgurdýpt í slöku meðallagi og fyrir koma afturþung júgur. Spenar fremur langir og spenagerð ofurlítið breytileg, fyrir koma glett settir framspenar. Mjaltir slakar og allmikið um mismjaltir. Kýrnar skapgóðar. Hjaltalín verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Gilsungur 02-022.**F: Frískur 94026, M: Grön 60, Gilsárteigi.**

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi. Fjórðungur kúnna er grönóttur og fjórðungur einlitur. Afurðasemi dætra Gilsungs er þokkaleg bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Þetta eru fremur bolgrannar kýr með sterka yfirlínu. Góðar malir, lítið eitt þaklaga og góða fótstöðu. Júgurband lítið áberandi en júgur að öðru leyti góð. Spenar fremur þykkir og keilulaga. Mjaltir fremur slakar en skap gott. Ákveðið að fresta lokaákvörðun um áframhaldandi notkun Gilsungs en ólíklegt er að hann verði notaður áfram

Börkur 02-023.**M: Kornelía 445, Ytri- Tjörnum**

Hér er rauði liturinn mjög ráðandi í hópnum þó að alla hina grunnlitina nema þann grúa væri þar að sjá. Mikill meiri hluti kúnna er einlitur. Afurðasemi dætra Barkar er í meðallagi bæði hvað varðar mjólk og verðefni. Boldýpt og útlögur í meðallagi og yfirlína sterk. Malir í meðallagi breiðar, fremur flatar og lítið eitt hallandi. Júgur vel gert og ágætlega borið. Spenar fremur langir og grannir, vel staðsettir. Mjaltir góðar en skap breytilegt. Börkur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Stóristeinn 02-024.**M: Gæfa 276, Skipholt III.**

Bröndóttar kýr eru flestar í þessum systrahópi, margar einnig rauðar en kolóttar og svartar eru fáar og gráan lit var einnig að sjá. Einlitar kýr eru um 40 % og tæpur helmingur hópsins er húfóttur eða krossóttur. Afurðasemi dætra Stóristeins er í tæpu meðallagi bæði hvað varðar mjólk og prótein en kýrnar gefa fituríka mjólk. Þessar kýr eru fremur bolgrannar með fremur veika yfirlínu, fremur grannar malir, hallandi og þaklaga og fótstaða fremur þröng. Júgurgerðin er yfirleitt í meðallagi góð, spenar langir en vel lagaðir og sæmilega settir. Mjaltir í meðallagi góðar og skap breytilegt. Stóristeinn verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Pontíus 02-028.**F: Punktur 94032, M: Ólína 202, Tröð**

Kolóttur og dökkolóttur litur er langalgengastur einnig eru allmargar kúnna bröndóttar. Flestar kýrnar eru einlitar og algengasti tvílitur er leistött. Afurðasemi dætra Pontíusar er afbragðsgóð sérlega hvað varðar afurðamagn. Þetta eru vart nema meðalkýr um stærð og fremur útlögulitlar Malir grannar, þaklaga og fótstaða fremur þröng og fyrir kemur hokin fótstaða. Júgurgerðin er

sterkleg og júgur vel borið Spenar eru vel lagaðir og vel staðsettir. Mjaltir góðar en skap breytlegt. Pontíus hefur verið tekinn í framhaldsnotkun

Flói 02-029

M: Orka 196, Brúnastöðum.

Rauðar og bröndóttar kýr eru algengastar í þessum hópi en alla grunnliti er þar að sjá. Meirihluti dætrahópsins einlitur og huppótt og skjöldótt er algengasti tvílitur. Afurðasemi dætra Flóa er afbragðsgóð bæði hvað varðar afurðamagn svo og prótein og fitu. Þessar kýr eru nokkuð breytilegar að stærð, en með góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malir fremur grannar, beinar og lítið eitt þaklaga. Júgurgerð í meðallagi, þó að aðeins beri á afturþungu júgri, spenar ívið of langir en vel settir. Mjaltir góðar og kýrnar almennt taldar skapgóðar. Flói hefur verið tekinn í framhaldsnotkun

Skjanni 02-030

M: Gjörð 156, S.- Gegnishólum.

Þessi dætrahópur einkennist af því að allir grunnlitir nema grátt finnast og virðist enginn sérlega ráðandi. Meiri hluti dætrahópsins er tvílitur og finnast öll afbrigði þó skjöldótt sé algengast. Afurðasemi dætra Skjanna er góð einkum hvað varðar afurðamagn, verðefni eru í slöku meðaltali. Þetta eru bolgrannar kýr, með sterka yfirlínu og góða malabyggingu og fótstöðu. Júgur er vel lagað og vel borið, sterkt júgurband. Spenar eru stuttir og fremur þykkir og útstæðir framspenar sjást. Mjaltir í góðu meðallagi en umsögn um skap breytileg. Skjanni hefur verið tekinn í framhaldsnotkun

Fleygur 02-031

M: Smuga 298, Hólshúsum.

Rauði liturinn er algengastur í þessum dætrahópi en alla grunnlitina nema gráan er þar að sjá. Um riðjungur er einlitur og nær öll afbrigði af tvílit finnast. Afurðasemi dætra Fleygs er afbragðsgóð einkum hvað varðar verðefni bæði prótein og fitu. Þessar kýr eru í meðalagi boldjúpar með góðar útlögur, sterka yfirlínu, góða malabyggingu og fótstöðu. Júgurgerð er í slöku meðalagi nokkuð er um afturþungu júgur. Spenar eru fremur langir og grannir og staðsetning framspena breytileg. Umsögn um mjaltir í meðallagi og jákvæð um skap, en nokkuð ber á mismjöltum. Fleygur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Síríus 02-032

M: Móna 157, Leirulækjarseli.

Langalgengasti litur hjá þessum kúm er rauður en einnig allmargar bröndóttar, örfáar kolóttar, svartar og gráar. Um helmingur hópsins er tvílitur og er huppótt og skjöldótt algengast. Afurðasemi dætra Síríusar er góð hvað varðar verðefni en minni hvað varðar mjólkurmagn. Þessar kýr eru fremur stórar með mikið bolrými og sterka yfirlínu. Breiðar og fremur flatar malir og mjög sterka og góða fótstöðu. Júgurgerð er yfirleitt mjög góð hjá þessum kúm og spenar meðallangir og yfirleitt vel settir. Bæði mjaltir og skap fá jákvæða umsögn hjá umráðamönnum kúnna. Síríus hefur verið tekinn í framhaldsnotkun

Nói 02-033

M: Bóla 138, Hundastapa.

Rauður eða bröndóttur litur er algengastur hjá þessum kúm, en nokkrar svartar en gráar kýr ekki að finna. Langflestar eru einlitar en flestar tvílitar eru skjöldóttar. Afurðasemi dætra Nóa er

allgóð bæði hvað varðar mjólkurmagn og verðefni. Kýrnar eru yfirleitt fremur stórar með góðar útlögur og góða yfirlínu. Malabygging góð og fótstaða í meðallagi. Júgurfasta og júgurband í tæpu meðallagi en júgur nokkuð vel borið Spenar fremur stuttir og vel gerðir, hjá hluta kúnna aðeins keilulaga. Staðsetning spena nokkuð breytileg. Umsögn um mjaltir í slöku meðallagi. Fremur skapgóðar kýr. Núi verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Hlekkur 02-036.

F: Frískur 94026, M: Huppa 165, S.-Gegnishólum

Þessar kýr eru langflestar annað tveggja rauðar eða bröndóttar. Flestar þeirra eru einlitar og allmargar huppóttar. Afurðasemi dætra Hlekks er afbragðsgóð hvað varðar afurðmagn en síðri hvað varðar verðefni Þessar Kýr eru yfirleitt vel í meðallagi stórar, rýmismiklar með góðar útlögur en veika yfirlínu. Malir breiðar vel lagaðar og fótstaða góð. Júgur vel borið eru ekki áberandi þó aðeins örli á afturþungu júgri. Spenar fremur langir, og gleitt settir framspenar. Mjaltir og skap í slöku meðallagi. Hlekkur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Aðall 02-039.

M: Drottning 48, Miðhvammi

Allir grunnlitir nema grátt finnast í þessum dætrahópi og sker sig enginn úr. Ríflega helmingur er einlitur en algengustu tvílitir eru skjöldóttur, huppóttur eða leistöttur. Afurðasemi dætra Aðals er góð og sérlega efnarík bæði hvað varðar prótein og fitu. Margar kúnna eru nokkuð stórar, boldjúpar með góðar útlögur, malir breiðar fremur flatar. Júgur er yfirleitt mjög vel borið, en júgurfasta og júgurband aðeins í meðallagi. Spenar eru fremur þykkir. Umsögn um mjaltir í góðu meðallagi. Skapgóðar kýr. Aðall hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Þrymur 02-042

M: Dreyra 48, Tóftum.

Rauði liturinn er mjög ráðandi hjá þessum kúm en alla grunnliti nema grátt var þar að sjá. Tæplega helmingur dætrahópsins er einlitur en algengustu tvílitir eru huppótt og skjöldótt. Afurðasemi dætra Þryms er allgóð einkum hvað varðar verðefni. Þetta eru sterkbyggðar, frekar stórar kýr með góða boldýpt og útlögur, góða malabyggingu og sterka fótstöðu. Júgur vel lagað og júgurfasta áberandi góð. Spenar vel lagaðir. Þessar kýr fá umsögn um mjaltir í góðu meðaltali og skapgóðar. Þrymurl hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Ás 02-048

M: Irja 150, Sumarliðabæ.

Allir grunnlitir nema grátt má sjá í þessum dætrahópi. Langflestar kýrnar eru einlitar og flest afbrigði tvílita koma fyrir. Afurðasemi dætra Áss er góð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Þessar kýr eru bolgrannar með fremur veika yfirlínu. Malir breiðar, beinar og fremur flatar. Fyrir kemur hokin fótstaða. Júgur er vel lagað og yfirleitt vel borið. Spenar vel lagaðir en fremur grannir. Mjaltir góðar en skap í tæpu meðallagi. Ás hefur verið tekinn í framhaldsnotkun